

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna hafnarsvæðis á Sauðárkróki.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. apríl 2025.

Í breytingunni felst að heimilt byggingarmagn á hafnarsvæði H-401 á Sauðárkróki er aukið úr 45.000 m<sup>2</sup> í 73.500 m<sup>2</sup> til að veita svigrúm til stækkunar og eflingar hafnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. október 2025.*

**Ólafur Árnason**

---

B deild - Útgáfudagur: 23. október 2025